

7. nóvember 2023



Samgönguáætlun 2024–2038

| Stjórnarráð Íslands
| Innviðaráðuneytið



Framtíðarsýn

Ísland er í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Tenging byggða og Íslands við umheiminn er í jafnvægi við umhverfið.

Búsetufrelsi

Lífsgæði fólks eru ekki síst fólgin í því að það geti búið sér heimili þar sem það helst kýs, í því búsetuformi sem því hentar og njóti sambærilegra umhverfisgæða, innviða og opinberrar þjónustu hvar á landinu sem er.

Til að styðja við búsetufrelsi eru meginmarkmiðin tvö:


- **Innviðir mæti þörfum samfélagsins**
- **Sjálfbærar byggðir og sveitarfélög um land allt**



Samgönguáætlun 2024–2038

Vandaður undirbúningur með
aukið öryggi að leiðarljósi

Ný samgönguáætlun birt í samráðs-
gátt — lögð fram á haustþingi





Samráð

- Stefnumótunarferli hófst 2021
- Grænbók (stöðumat) — fór í samráð
- Hvítbók (stefna) — fór í samráð
- Umhverfismat áætlunar — fór í samráð
- Opnir fundir í öllum landshlutum — vor 2021 og október 2022
- Vinna og niðurstöður starfshópa nýtt



Ávinningur

Aukið
öryggi

Stytting
vegalengda

Tenging
byggða

Áhersla
á umhverfismál

Sterkara samfélag

Kjarni málsins

- Stóraukin uppbygging á innanlandsflugvöllum
- Stórhugur í vegaf framkvæmdum
 - 80 km af stofnvegum fá aðskildar akstursstefnu
 - 619 km af tengivegum fá bundið slitlag
 - Engar einbreiðar brýr á Hringveginum í lok áætlunar
- Aukin framlög til viðhalds vega
- Uppbygging göngu- og hjólreiðastíga og reiðvega
- Þrjátíu ára jarðgangaáætlun með forgangsröðun

909 milljarðar

- **909 milljarðar kr.** – bein framlög á 15 ára tímabili samgönguáætlunar
- **263 milljarðar kr.** – framlög á fyrsta fimm ára tímabili
- Við þetta bætist fjármögnun með samvinnuverkefnum, s.s. ný Sundabraut og Ölfusárbrú
- Áform um breytingar á gjaldtöku vegna umferðar

Öryggi er leiðarljósið

Árlegur samfélagslegur
kostnaður af umferðarslysum

40–60 ma. króna

- Stærsta verkefnið að **auka öryggi** í samgöngum.
- Álag á vegi landsins aukist gríðarlega síðustu ár.
- Umferðaröryggisáætlun 2024–2038.
- Öryggisáætlun sjófarenda 2024–2038.

Stórhugur í vegaf framkvæmdum

- Lokaáfangar við tvöföldun Reykjanesbrautar
- Framkvæmdir við Suðurlandsveg og Kjalarnesveg — aðskildar akstursstefnur
- Skógarstrandavegur
- Vestfjarðavegur
- Vatnsnesvegur
- Norðausturvegur um Brekknaheiði
- Norðausturvegur um Skjálfandafljót
- Bárðardalsvegur
- Hringvegur um Suðurfirði og Lagarfljót, um Lón og við Skaftafell





Stórhugur í vegaf framkvæmdum – samvinnuverkefni

- Sundabraut
- Ölfusárbrú
- Hornafjarðarfljót
- Axarvegur

Einbreiðum brúm útrýmt

Stefnt er að því að **engin brú** verði einbreið á Hringveginum í lok 15 ára tímabilsins. Alls mun einbreiðum brúm á landinu fækka um 79 á þessu tímabili.

29

2023

0

2038

Tengivegir

Haldið áfram með átak í lagningu bundins slitlags á tengivegi út gildistíma áætlunarinnar með 2,5 ma. kr. framlög á ári. Áætlað er að með því móti muni takast að leggja bundið slitlag á um 619 km af vegum fyrir árið 2038 sem í dag eru malarvegir.

2,5
ma. kr.

árlegt framlag

619
km


vegir sem fá bundið slitlag

Aukin framlög til viðhalds vega

Vegakerfið er einhver stærsta eign íslenska ríkisins og virði þess og gæði er varið með nauðsynlegu viðhaldi. Lagt til að framlög til viðhalds vega muni aukast talsvert. Samtals verður 68 ma. kr. varið til viðhalds á tímabilinu 2024-2028.

68
ma. kr.

framlög til viðhalds 2024-2028





Framlög til flugvalla aukast til muna

Samkvæmt tillögu að nýrri samgönguáætlun munu framlög til flugvalla aukast til muna með upptöku nýs varaflugvallagjalds.

Akureyri

Ljúka framkvæmdum
við stækkun flugstöðvar

Egilsstaðir

Uppbygging á flughlaði
og akbraut

Reykjavík

Endurbygging
flugstöðvar

Jarðgangaáætlun — allt að 14 göng á 30 árum

- Jarðgangaáætlun sett fram til 30 ára.
- Næstu **tíu jarðgöngum** forgangsraðað — **fjórir aðrir jarðgangakostir** til nánari skoðunar.
- Jarðgöngin lykilþáttur í að treysta búsetuskilyrði um land allt og veita umferð fram hjá hættulegum og óáreiðanlegum fjallvegum.
- Stefnt er að því að allir jarðgangakostir komi til framkvæmda á næstu 30 árum.
- Í áætluninni eru sett fram áform um árlega fjárfestingu, utan fjárhagsramma, á bilinu 12-15 milljarða kr. í jarðgangagerð til ársins 2038. Fjármögnun þeirrar fjárfestingar er hluti af heildstæðri endurskoðun tekjuöflunar af farartækjum og umferð.



Tíu jarðgöngum forgangsraðað

1. Fjarðarheiðargöng
2. Siglufjarðarskarðsgöng
3. Hvalfjarðargöng 2
4. Göng milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur
5. Göng milli Ísafjarðar og Súðavíkur
6. Breiðadalsleggur, breikkun
7. Seyðisfjarðar- og Mjóafjarðargöng
8. Miklidalur og Hálf dán
9. Klettsháls
10. Öxnadalsheiði



Fjórir jarðgangakostir til nánari skoðunar

- Reynisfjall
- Lónsheiði
- Hellisheiði eystri
- Berufjarðargöng og Breiðdalsheiðargöng



Hærri framlög til hafnamála

Hærri framlög til hafna um land
allt en í síðustu áætlun

Þorlákshöfn, Sauðárkrókur
og Njarðvíkurhöfn

Ísafjörður að klárast
á fyrsta ári áætlunar

7,7 ma. kr.
á fyrsta tímabili 2024–2028



Fjárfestingar á höfuðborgarsvæðinu

- Unnið er að uppfærslu á forsendum samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins.
- Í tillögnum er því gerður fyrirvari á framkvæmdatöflu sáttmálans.
- Viðbúið að niðurstöður viðræðuhóps ríkis og sveitarfélaga hafa áhrif.
- Í tillögnum er fjármagn til undirbúnings Sundabrautar tryggt, en gert er ráð fyrir að framkvæmdir við brautina hefjist árið 2026 og að hún opni fyrir umferð 2031. Brautin verði framkvæmd og fjármögnuð sem samvinnuverkefni ríkis og einkaaðila.



Skýr áhersla á umhverfis- og loftslagsmál

Áætlun um
orkuskipti
í ferjum

Aukin framlög
í almennings-
samgöngur

Uppbygging göngu-
og hjólréiðastíga
aok reiðvega

Vegvísir að vistvænum
samgöngum með mark-
vissri aðgerðaáætlun

Fjármögnun

- Framkvæmdatöflur fyrstu fimm ára samgönguáætlunar mótast af því svigrúmi sem fjármálaáætlun hverju sinni veitir.
- Ljóst að eitt meginverkefni fjármálaáætlunar 2024-2028 er að draga úr þenslu í þjóðfélaginu og þar með að halda aftur af ríkisútgjöldum.
- Fjármálaáætlun er á hinn bóginn endurnýjuð árlega. Aukist svigrúm mun það hafa jákvæð áhrif á ramma samgönguáætlunar og forgangsröðun framkvæmda og/eða þjónustustig vetrarþjónustu, almennrar þjónustu og almenningsamgangna.






Tekjuöflun af farartækjum og umferð

- Unnið að heildstæðri endurskoðun á tekjuöflun ríkisins af farartækjum og umferð.
- Verkefnisstofa innviðaráðuneytisins og fjármála- og efnahagsráðuneytisins vinnur að endurskoðun.
- Fjármögnun samgöngusáttmála, samvinnuverkefna og jarðgangaáætlunar tekur mið af niðurstöðum verkefnisstofunnar.

Grunnnet samgangna



- 4.850 km vegakerfi
- 37 hafnir
- 13 flugvöllir




Arðsemi

- Við mótun framkvæmdafla vegaframkvæmda í samgönguáætlun 2024-2028 var litið til arðsemi verkefna.
- Ábati vegna ferðatímastyttinga og áhrifa á umferðaröryggi vigtar mikið. Arðsemisgreiningar ráðgefandi fyrir forgangsröðun framkvæmda.
- Önnur atriði skipta einnig máli, svo sem byggða og umhverfissjónarmið.
- Það eru arðsöm verkefni um land allt, greiningar auðvelda það að velja bestu valkosti á hverjum stað.
- Stefnt að því að forsendur félagshagfræðilegra greininga verið gefin út og birt.



Fjárfestingar eftir svæðum


Nýframkvæmdir - Vegaáætlun 2024-2028






Fjárfestingar eftir svæðum

Nýframkvæmdir - Vegaáætlun 2024-2028





Fjárfestingar í flugvöllum

- Orkuskipti innanlandsflugs
 - 1,7 ma. kr.
- Uppbygging neyðarvalla
 - 460 millj. kr.



Takk fyrir